

STÆF2RH06 kafli 6 flatarmál

Árið 2016 var meðalstærð nýrra íbúða á Íslandi 151 m^2 .

Sjá <http://ssh.is/husnaedi/medhalstaerdh-og-fjoeldi-ibudha>

Hvert er flatarmálið 151 m^2 í cm^2 , fersentimetrum?

A4 blað er $210 \text{ mm} \times 297 \text{ mm}$. Hvað þarf mörg A4 blöð til að þekja 1 m^2 ?

Hvað er sundlaug sem er 50 m á lengd og 25 m á breidd margir hektarar?

Einn hektari, 1 ha er $(100 \text{ m})^2 = 10.000$ fermetrar.

Laugardalsvöllur er $68 \text{ m} \times 105 \text{ m}$ á stærð.


Hvað þarf marga Laugardalsvelli til að fylla 1 km^2 ?

Hvað er Laugardalsvöllurinn margir hektarar?



Hver eru málin á A0-pappír?

- Hlutfallið á milli lengdar og breiddar á blaði er ferningsrótin af tveimur, það er að segja að við fáum út ferningsrótina af 2 ef við deilum í lengd blaðsins með breidd þess.
- Flatarmál A0 er einn fermetri.
- Blað af stærðinni A1 fæst með því að skera A0 í tvo jafna hluta þvert yfir blaðið. Lengdin á A1 er því jöfn breiddinni á A0 og breiddin á A1 er helmingur af lengdinni á A0.
- Allar aðrar minni stærðir í A-röðinni eru skilgreindar á sama hátt. Það er, ef blað af stærðinni A_n er skorið í tvo jafnstóra hluta samhliða styttri hlið blaðsins þá eru nýju blöðin 2 af stærðinni $A(n+1)$.
- Stöðluð lengd og breidd er námunduð tala, gefin upp í millimetrum.



Smækkuð mynd af A0-blaði sem búið er að skipta upp í tvö A1-blöð þar sem efra A1-blaðinu er skipt upp í tvö A2 blöð, og vinstra A2-blaðinu er skipt upp í tvö A3-blöð, o.s.frv.

Þessar tölur gilda fyrir A-röðina:

- A0 841 x 1189
- A1 594 x 841
- A2 420 x 594
- A3 297 x 420
- A4 210 x 297
- A5 148 x 210
- A6 105 x 148